

MARKAÐURINN

Miðvikudagur 26. ágúst 2020

31. tölublað | 14. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL



Verið velkomin í nýja og glæsilega verslun okkar á Hafnartorgi

MICHELSEN
1909

Hafnartorg - 511 1900 - michelsen.is

Hluthafar þynntir sem mest út
Stjórnvöld töldu mikilvægt að ganga lengra í að rýra virði hlutfjár hluthafa Ícelandair svo hægt yrði að veita félaginu ríkisábyrgð á lánaðinu.

2

Sala þrýsti á Seðlabankann
BlueBay Asset Management var á meðal þeirra sem seldu skuldbréf í síðustu viku. Knúði fram umfangsmestu gjaldeyrissölu Seðlabankans frá hrúni.

4

Litill áhugi Íslendinga á sláttur
Þótt atvinnuleysi sé á uppleið sýna Íslendingar því litinn áhuga að starfa við sláttur. Nýsjálenskir atvinnuáhrarar eiga ekki heiman-gengt.

6

Safnar í vísisjóð
Bala Kamallakharan, sem rekur fjárfestingafélagið Iceland Venture Studio, segir að það geti verið byrði á fyrirtækjum á klakstigi að ráða óvart starfsfólk.

10

Stjórnvöld marki stefnu
Hér á landi berst orkuíðnaður fyrir tilvist sinni, hvort sem horft er til álvera, kísilvera eða gagnavera, segir Pétur Blöndal, framkvæmdastjóri Samáls.

14



Erfiðir tímar fyrir veitingamenn

Við erum búnin að fækka starfsfólki mikið og verðum í einhvers konar híði í vetur.

Daniel Jakobsson,
framkvæmdastjóri
Hótel Ísafjarðar

Þráinn Lárusson sem er umsvifamikill í hótél- og veitingarekstri á Austurlandinu segir að aðgerðir til að stemma stigu við COVID-19 greiði veitingamönnum hvert höggið á fætur öðru. Flestir veitingamenn í kringum hann séu að leggjast í híði eftir að stjórnvöld skrúfuðu fyrir ferðamannastrauminn → 8-9

FRÉTTABLAÐID/SIGTRYGGUR ARI

15% AFSLÁTTUR AF
OAKLEY-VÖRUM
Í VERSLUNUM OKKAR
TIL 5. SEPTEMBER



OAKLEY

Optical Studio
SMÁRALIND • HAFNARTORG • KEFLAVÍK

Renna ekki blint í sjóinn

Stjórnendur fasteignafélagsins Reita höfðu kannað hvort áhugi á þátttöku í fyrirhuguðu hlutafjárútbóði væri fyrir hendi í hluthafahópi félagsins. Reitir eru með eignir í sigtinu og hyggjast nýta hlutaféð til að styrkja efnahag félagsins og gripa þau tækifæri sem skapast á markaðinum.

„Við hefðum getað tekist á við þessar aðstæður að öllu óbreyttu en við viljum gera meira en það,“ segir Guðjón Auðunsson, forstjóri Reita fasteignafélags, í samtali við Markaðinn.

Reitir hyggjast auka hlutafé um 200 milljónir hluta, sem jafngildir um 30 prósentu aukningu, en bóað hefur verið til hluthafafundar 22. september næstkomandi, þar sem tillagan um hlutafjárukninguna verður lögð fram. Miðað við gengi hlutabréfa félagsins þegar tilkynning þess efnis var send út á mánudag, nemur upphæðin 9 milljörðum króna. Hlutabréf Reita lækkuðu um tæplega 6,5 prósent í gær eftir að tilkynnt var um hlutafjárútbóðið.

„Við erum með eignir í sigtinu og ef tillagan verður samþykkt munum við fara í þetta ferli hratt og örugglega,“ segir Guðjón. Lagt er upp með að útbóðið fari fram mánadaginn 22. september og október ef aðstæður leyfa. Aðspurður segir Guðjón að ekki hafi verið rætt um hvort veita eigi töluverðan afslátt miðað við núverandi markaðsgengi í útbóðinu.

Stærstu hluthafar Reita eru Gildi lífeyrissjóður með 16,8 prósentu hlut, Lífeyrissjóður verzlunarmanna með 13,5 prósentu hlut og Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins með 10,9 prósentu hlut. Aðspurður segir Guðjón að stjórnendur Reita hafi þreifað fyrir áhuga hluthafa á mögulegri þátttöku í útbóðinu.

„Menn renna kannski ekki alveg blint í sjóinn með það hvort það sé áhugi fyrir þessu. Einhver samtöl og einhver samtöl hafa átt sér stað en þau voru með óformlegum hætti og

Við erum með eignir í sigtinu og ef tillagan verður samþykkt munum við fara í þetta ferli hratt og örugglega.

Guðjón Auðunsson, forstjóri Reita fasteignafélags



án skuldbindinga,“ segir Guðjón.

Bæði stjórn og stjórnendur félagsins telja horfur í efnahagslífi slíkar að skynsamlegt sé að styðja eiginfjárstöðu félagsins. Eiginfjárlutfall félagsins var 29,4 prósent við lok annars fjórðungs, samanborið við 31,4 prósent um síðustu áramót. Þá kveða lánaskilmálar félagsins á um að lánaþekja (e. loan to value) fari ekki yfir 70 prósent en um mitt ár stóð hún í 62,9 prósentum.

„Við drögum enga fjöður yfir það. Við viljum styrkja efnahaginn með því að bæta við okkur verðmætum eignum og góðum leigusamningum án þess að skuldbætja þann gjörning of mikið. Þannig náum við til dæmis að lækka lánaþekjuna,“ segir Guðjón.

„Okkar sýn er að í öllum kreppum skapist tækifæri og við viljum geta nýtt þau án þess að það reyni á efnahagsreikninginn eða þær kvadir sem félagið hefur gengist undir.“

Spurður hvort hlutafjárútbóðið veiti Reitum samkeppnisforskot gagnvart öðrum fasteignafélögum segist Guðjón telja svo vera. Hins vegar hafi hin skráðu félögin alla burði til að stíga sambærileg skref ef svo ber undir.

„Meginástæðan fyrir því að skrá félag á hlutabréfamarkað er að hafa greiðan aðgang að fjármagni til þess að unnt sé að nýta aðstæður sem skapast. Persónulega finnst mér of lítið gert af því að skráð félög fari þessa leið.“ – þfh



Hlutafjárútbóð Icelandair Group mun fara fram dagana 14. og 15. september næstkomandi. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Vildu þynna hluthafa Icelandair sem mest út

Stjórnvöld töldu mikilvægt að ganga lengra í að rýra virði hluthafa svo hægt yrði að veita félaginu ríkisábyrgð. Komið til móts við þau sjónarmið með því að veita nýjum fjárfestum áskriftarréttindi og að útbodsgengi yrði ein króna.

Íslensk stjórnvöld settu það sem skilyrði fyrir því að veita Icelandair Group ríkisábyrgð á allt að 16,5 milljarða lánalínu að gengi yrði sem lengst í að þynna út eignarhlut núverandi hluthafa þegar ráðist yrði í útbod flugfélagsins þar sem sækja á 20 milljarða í nýtt hlutafé.

Til að koma til móts við þau sjónarmið stjórnvalda, sem lögðu á það áherslu að aðkoma ríkisins væri alls ekki hugsuð til að bjarga hluthöfum, var meðal annars ákveðið að fjárfestum í útbóðinu myndi bjóðast áskriftarréttindi sem samsvári allt að fjórðung af hinum nýju útgefna hlutum, samkvæmt heimildum Markaðarins. Sú ráðstöfun er til þess fallin að rýra enn frekar virði hlutafjár núverandi hluthafa.

Þá var einnig ákvarðað að útbodsgengi yrði aðeins ein króna á hlut, sem var um 40 prósent lægra en markaðsgengi bréfanna stóð í þegar tilkynnt var um útbóðið í byrjun síðustu viku, en það er nokkuð lægra gengi en stjórnendur Icelandair Group höfðu horft til að miða ætti við í hlutafjárútbóðinu.

Gengi Icelandair Group stóð í um 8,5 krónum á hlut þegar kórónaveirufaraldurinn hófst í lok febrúar en hlutabréfaverð félagsins hefur síðan fallið um meira en áttatíu prósent. Markaðsvirði flugfélagsins er í dag um 6,2 milljarðar króna.

Komi til umframeftirspurnar í hlutafjárútbóði Icelandair, sem á að fara fram um miðjan september, mun stjórn félagsins hafa heimild til að auka hlutafé enn frekar um allt að 3 milljarða, þannig að stærð útbodsgengis yrði að hámarki 23 milljarðar króna. Útgefið hlutafé Icelandair mun þynnast niður í um 19 til 21 prósent gangi útbóðið eftir eins og áformad er, en ef nýir fjárfestar að félaginu nýta sér þau áskriftarréttindi sem fylgja með bréfunum, sem hægt verður að gera í einu lagi eða skrefum til allt að tveggja ára, þynnast eignarhlutur hluthafa niður í allt að 16 prósent.

Sé tekið tillit til virðis áskriftarréttindanna með hinum nýju hlut-

um í Icelandair, sem bera 15 prósent árlega vexti, má áætla, samkvæmt útreikningum Markaðarins, að fjárfestum bjóðist bréf í félaginu á líðlega tíu prósentu afslætti miðað við útbodsgengið sem verður sem fyrr segir ein króna á hlut. Gengið í hlutafjárútbóðinu sé því í reynd nær því að vera um 0,9 krónur á hlut.

Fjárfestafundur hafnir

Viðræður milli Icelandair og íslenskra stjórnvalda um ríkisábyrgð á lánalínu höfðu staðið yfir um nokkurt skeið áður en tilkynnt var um að samkomulag hefði náðst þriðjudaginn 18. ágúst síðastliðinn. Lánalínan, sem er veitt af Íslandsbanka og Landsbankanum, er til tveggja ára og nær ríkisábyrgðin yfir 90 prósent af láninu. Vextir lánsins eru reiknaðir sem álag ofan á LIBOR-vexti og fara stighækkandi eftir því sem meira er dregið á lánalínuna. Skilmálar lánsins eru þeir að eigið fé Icelandair haldist yfir 2 prósentum og þá verður sett hámark á mánaðarlegan ádrátt á línuna að fjárhæð 20 milljónir Bandaríkjadala. Óheimilt verður að draga á lánalínuna nema aðrir kostir verði fullreindir.

„Hugsunin með lánalínuna er að þurfa ekki að draga á hana. Þetta er lánalína til þrautavara. Ef ástandið varir hins vegar lengur en fram á næsta vor, þá gætum við þurft að nýta hana,“ sagði Bogi Nils Bogason, forstjóri Icelandair Group, í samtali við Fréttablaðið í síðustu viku.

Samkvæmt því sem fram kemur í fjárfestakynningu, sem félagið birti í Kauphöllinni vegna fyrirhugaðs hlutafjárútbodsgengis, áætla Icelandair að með sveigjanlegri kjarasamningum og auknu vinnuframlagi áhafna, ásamt öðrum hagræðingaraðgerðum, muni kostnaður á hvern sætiskilómtra (CASK) lækka um samtals 10 prósent til ársins 2024. Launakostnaður verður 28 prósent af tekjum, samanborið við 30 prósent árið 2018.

Áætlanir Icelandair gera meðal annars ráð fyrir að flugframboð félagsins aukist jafnt og þétt. Árið

6,2

milljörðum nemur markaðsvirði Icelandair í dag og hefur lækkað um meira en 80 prósent frá upphafi kórónaveirufaraldursins

2024 verði framboðið komið í sama horf og það var árið 2018. Þá er gert ráð fyrir að tekjur félagsins hafi hækkað upp í 1,6 milljarða dala árið 2024 og verði þannig um 3 prósentum hærra en þær voru í fyrra. EBIT, rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði og skatta, tekur síðan við sér og verður 175 milljónir dala árið 2024.

Þá er til skoðunar hjá Icelandair að ná samkomulagi við Íslandsbanka og Landsbankann, sem eru lánveitendur félagsins og umsjónaraðilar hlutafjárútbodsgengis, um að söluþryggja útbóðið. Með söluþryggingu er átt við samning milli fjármálaþryggingar og útgefanda verðbréfa þar sem fjármálaþryggingar skuldbindur sig til þess að kaupa þann hluta verðbréfa sem áskrift næst ekki fyrir í almennu útbóði. Það ætti að skýrast í vikunni hvort bankarnir muni söluþryggja útbóðið og þá að hversu miklu marki.

Fundur Icelandair með fjárfestum hófust á mánudag, sem voru meðal annars sóttir af verðbréfasjóðum, og þá fóru fram fundir með lífeyrissjóðum og ráðgjöfum þeirra í gær en ljóst þykir að þátttaka þeirra skiptir köpum eigi hlutafjárútbóðið að heppnast. Stærstu hluthafar Icelandair eru sjóðir í stýringu Stefnis, Lífeyrissjóður verzlunarmanna, LSR, Gildi og Birta. Þá er bandaríska fjárfestingafélagið Par Investment, sem kom inn í hluthafahóp Icelandair í fyrra og hefur smám saman verið að minnka hlut sinn að undanförunu, á meðal stærstu hluthafa, en útilokað er talið að félagið muni taka þátt í útbóðinu.

hordur@frettabladid.is

MARKAÐURINN

ÚTGÁFUFELAG Torg., Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík, sími 550 5000

Ritstjóri Hörður Egiðsson hordur@frettabladid.is

Ábyrgðarmaður Kristín Þorsteinsdóttir

Netfang auglýsingadeildar auglysingar@frettabladid.is Veffang frettabladid.is

RAF MÓTORAR



SCANVER 588 80 40
EHF www.scanver.is

GÍRAR - FÆRIBÖND - RAFMÓTORAR - LEGUR



Glimrandi gott gengi!

Föstudagur til fjárfestinga!



VIDCOVE

Myndræn gögn fyrirtækja gerð leitanleg með íslenskrí tækni.



INCH

Raddstýrð verkefnastjórnun, tímaskráning og samskipti.



SMÁFORRIT

App með kennsluleikjum fyrir fjölda ólíkra námsgreina.



VEIÐILAND

Sölusíða fyrir veiðileyfi og veiðiferðir um allan heim.



LIGHTSNAP

Stafrænar myndir sem færa ljósmyndirnar aftur í albúmið.



STUBBUR

Nútíma miðasala. Engar raðir, engin snerting, enginn pappír.



BIDPARE

Einfalt kerfi til að bera saman og gera tilboð í tryggingar.



JUST BJÖRN

Lífræn matvara og fæðubótaefni með íslenskt collagen.



QUICK LOOKUP

Skilvirk gagnagreining sem hámarkar virði upplýsinga.



SANIVISION AI

Fækka spítalasýkingum með nýjum aðgerðum og nálgunum.

TAKK FYRIR SAMSTARFIÐ Í SUMAR

Tíu af efnilegustu sprotafyrirtækjum landsins kynna sínar viðskiptahugmyndir á fjárfestadegi Startup SuperNova á föstudaginn í beinni útsendingu frá Grósku. Nova þakkar fyrir glæsilegt samstarf í sumar og óskar ykkur öllum glimrandi góðs gengis í framtíðinni.

STARTUP
SUPERNOVA

Stærsti
skemmtistaður
í heimi!

NOVA

ICELANDIC
STARTUPS



gróska
Hugmyndahús

Sala ríkisbréfa þrýsti á Seðlabankann

BlueBay Asset Management var á meðal þeirra sem seldu skuldabréf í síðustu viku. Enn með stóra stöðu og yfirfjárfestingastjórnin segir undirstöðurnar traustar. Knúðu fram mikla gjaldeyrissölu hjá Seðlabankanum. Spurningar vakna um stefnu bankans.

Hörður Ægisson
hordur@frettabladid.is
Þorsteinn Friðrik
Halldórsson
tfh@frettabladid.is



BlueBay Asset Management, eitt stærsta sérhæfða skuldabréfastýringar fyrirtæki Evrópu, var á meðal þeirra sem seldu ríkisskuldabréf í síðustu viku, samkvæmt heimildum Markaðarins. Salan knúði fram umfangsmestu gjaldeyrissölu Seðlabanka Íslands á einni viku frá fjármálahruninu.

Töluverð velta var á gjaldeyrismarkaðinum í síðustu viku, alls 19 milljarðar króna, eftir að stjórnvöld tilkynntu um hertar aðgerðir á landamærunum. Til þess að sporna gegn veikingu krónunnar seldi Seðlabankinn gjaldeyri fyrir 10,7 milljarða króna, sem nemur meira en einni prósentu af gjaldeyrisforðunum.

Sem fyrr segir er þetta umfangsmesta gjaldeyrissala Seðlabankans á einni viku frá árinu 2008. Eftir því sem Markaðurinn kemst næst hefur Seðlabankinn haldið áfram að selja gjaldeyri í þessari viku.

Inngripin komu þó ekki algjörlega í veg fyrir gengisveikingu en krónan hefur veikt um rúmlega eitt prósent gagnvart evru frá því að tilkynnt var um hertar aðgerðir föstudaginn 14. ágúst. Gengið hefur veikt um meira en 19 prósent frá byrjun febrúar.

Samkvæmt heimildum Markaðarins má rekja gjaldeyrisveltuna til sölu erlendra skuldabréfaeigenda á íslenskum ríkisskuldabréfum og var BlueBay, sem er einn stærsti eigandi íslenskra ríkisskuldabréfa, á meðal þeirra. Fyrirtækið er þó enn með verulega stöðu í íslenskum ríkisskuldabréfum.

Skuldabréfasalan – en erlendu sjóðirnir voru einkum að selja óverðtryggða ríkisskuldabréfaflokkinn sem er á gjalddaga árið 2025 – olli því að ávöxtunarkrafa bréfanna hækkaði í síðustu viku um líðlega 30 punkta. Þá hækkuðu verðbólguvæntingar fjárfesta að sama skapi.


Mark Dowding, yfirfjárfestingastjóri BlueBay, segir ekki geta tjáð sig um hvort fyrirtækið hafi selt íslensk ríkisskuldabréf í síðustu viku. Spurður hvernig fyrirtækið meti stöðuna á Íslandi segir hann að undirstöður hagkerfisins séu sterkar.

„Traust hagstjórn hefur leitt til þess að Ísland hefur burði til að standa af sér COVID-krisuna betur en mörg samanturðarriki. Til skamms og meðallangs tíma verður ferðabjónustan fyrir nei-



Sjóðir á vegum BlueBay hófu innreið sína á íslenskan skuldabréfamarkað árið 2015. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

/// Sala Sí á gjaldeyri í síðustu viku (m.kr.)



kvæðum áhrifum, þó að það eigi að visu einnig við um mörg önnur lönd,” segir Dowding í samtali við Markaðinn. Þrátt fyrir að ferðabjónustan hafi verið mikilvægur þáttur í hagvexti síðustu ára muni atvinnugreinar eins og sjávarútvegur og stóriðja verða fyrir minna höggi og halda áfram að tryggja viðskiptaafgang við útlönd.

„Verðbólga ætti að haldast í skefjum og það er svigrúm hjá Seðlabankanum til að lækka vexti

enn frekar ef þess er þörf. Veiking krónunnar ætti einnig að styðja við hagvöxt, segir Dowding.

Sjóðir á vegum BlueBay hófu innreið sína á íslenskan skuldabréfamarkað árið 2015 og bættu töluvert við stöðu sína á fyrra hluta síðasta árs, eins og greint var frá í Markaðinum.

Dowding segir að áform innlendra fjárfesta um að halda áfram að fjárfesta erlendis – og vísar þá væntanlega til íslenskra lífeyrisjóða – gæti minnkað svigrúm fyrir gengisstyrkingu. „Það getur að einhverju leyti takmarkað fjárfestingar frá erlendum sjóðum sem reyna að flýja ofurlága ávöxtun á evrusvæðinu,” segir Dowding.

„Sterkar undirstöður hagkerfisins og uppbyggileg þátttaka í tengslum við UFS-þætti, gera það hins vegar að verkom að Ísland ætti áfram að vera álitlegur áfangastaður fyrir fjármagn ef horft er til meðallangs tíma,” segir Dowding. Umhverfislegir og félagslegir þættir og stjórnarhættir (UFS) eru viðmið sem fjárfestar nota til að meta fjárfestingar út frá aðferðafræði ábyrgra fjárfestinga.

Býst við útskýringum

Seðlabankinn mun tilkynna og gera grein fyrir vaxtaákvörðun peningastefnufundar í dag. Erna Björg Sverrisdóttir, aðalhafgræðingur

Traust hagstjórn hefur leitt til þess að Ísland hefur burði til að standa af sér COVID-krisuna betur en mörg samanturðarriki.

Mark Dowding, yfirfjárfestingastjóri BlueBay Asset Management



Arion banka, býst við að stjórnendur bankans muni einnig þurfa að gera grein fyrir gjaldeyrisinngripunum.

„Miðað við hreyfingarnar undanfarna daga þá veltir maður fyrir sér hvort þetta sé ákveðin stefnbreyting og það verður forvitnilegt að heyra í peningastefnufund. Við fyrstu sýn lítur út fyrir að Seðlabankinn sé að sporna gegn frekari gengisveikingu vegna versnandi verðbólguhorfa. Krónan hefur gefið eftir, húsnæðismarkaðurinn er sterkur og verðbólgan hefur aukist hraðar og umfram væntingar,” segir Erna Björg.

„Sé það raunin er það á skjön við yfirlýst markmið um inngrip á gjaldeyrismarkaði, sem er að koma í veg fyrir óhóflegar sveiflur og

spíralmyndun á markaðinum. Það verður áhugavert að heyra skýringar stjórnenda Seðlabankans á því hvað hafi legið að baki þessum inngripum og hvort vænta megi þess að Seðlabankinn verði virkari á gjaldeyrismarkaði í haust.“

Frá því í ársbyrjun 2017, þegar gjaldeyrisinngripastefna Seðlabankans var endurskoðuð eftir stórfelld kaup á gjaldeyri árin á undan, hefur meginmarkmið stefnunnar verið að minnka skammtímasveiflur á gengi krónunnar.

Seðlabankinn greip inn í gjaldeyrismarkaðinn tíu sinnum í mars og apríl á þessu ári, til að stemma stígu við snarpri gengisveikingu krónunnar, þegar hann seldi gjaldeyri fyrir krónur fyrir samtals um 17 milljarða. Um mánaðamót máí og júní keypti hann síðan gjaldeyri fyrir um sex milljarða til þess að vinna gegn mikilli gengisstyrkingu.

Ásgeir Jónsson seðlabankastjóri sagði í viðtali við Markaðinn um miðjan júní að lyklatríði í því að halda vaxtastigi lágu til frambúðar væri að halda verðbólgu í skefjum og verðbólguvæntingum lágum. Í því samhengi skipti höfuðmáli að halda gjaldeyrismarkaðinum stöðugum. Þá væri mikilvægt að jafnvægi á gjaldeyrismarkaðinum raskaðist ekki yfir sumarið þegar veltan er fremur lítil.

Ekki auðvelt að fylla skrifstofurýmið sem losnar í miðborginni

Guðjón Auðunsson, forstjóri Reita, segir að eigendur skrifstofurýmis í miðbænum þurfi að hefja samtal við skipulagsyfyrirvöld um að fá heimild til þess að breyta skrifstofuhúsnæði í íbúðarhúsnæði. Þannig verði hægt að bregðast við því mikla framboði skrifstofuhúsnæðis sem er í farvatninu.

„Við og aðrir sem eiga í hlut þurfum að taka samtal við skipulagsyfyrirvöld í borginni um að fá heimild fyrir breyttri notkun á húsnæði,” segir Guðjón. Eins og fram kom í umfjöllun Markaðarins um miðjan ágúst er útlit fyrir að framboð skrifstofuhúsnæðis í miðborginni muni aukast um meira en 40 þúsund fermetra á næstu árum.

„Það er ekki líklegt að þessir tugir þúsunda fermetra af skrifstofurými sem losna við flutning Landsbankans, flutning á skrifstofum Alþingis og uppbyggingu á nýju húsnæði, muni fyllast auðveldlega. Það væri mjög slæmt fyrir borgina og alla hluteigandi ef langan tíma tæki að koma þessum fermetrum í vinnu.“

Stóran hluta má rekja til uppbyggingar á nýjum höfuðstöðvum Landsbankans við Austurhöfn. Uppbyggingin gerir bankanum kleift að komast úr 21 þúsund fermetra skrifstofurými í 10 þúsund fermetra. Þannig mun losna um verulegt rými þegar bankinn flytur starfseminu en verklok eru áætluð árið 2022.

Nýja húsnæðið við Austurhöfn

Það væri mjög slæmt fyrir borgina og alla hluteigandi ef langan tíma tæki að koma þessum fermetrum í vinnu.

Guðjón Auðunsson, forstjóri Reita

mun spanna 16.500 fermetra. Landsbankinn gerir ráð fyrir að nýta 60 prósent hússins, eða um 10 þúsund fermetra, en leigja frá sér eða selja um 40 prósent, eða um 6.500 fermetra.

Þá var fyrsta skóflustungan að nýbyggingu fyrir skrifstofur Alþingis

is tekin fyrir á þessu ári. Alþingi hefur um árabíl leigt aðstöðu, sem nemur um 4.500 fermetrum og er að mestu leyti í eigu Reita, fyrir starfsemi sína í nokkrum húsum við Austurstræti.

Haft var eftir Gardari Hannesi Friðjónssyni, forstjóra Eikar fasteignafélags, í umfjöllun Markaðarins, að Eik gæti brugðist við breyttum aðstæðum á markaði með því að umbreyta eignum sínum og notkunarmöguleikum þeirra. Til dæmis með því að breyta atvinnuhúsnæði í íbúðarhúsnæði. „Það er ekki útilokað að það verði breytt notkun á eignum okkar niðri í bæ.“

Á vegum Framkvæmdasýslu ríkisins er nú unnið að gerð framat-hugunar vegna nýs deiliskipulags á

Stjórnarráðsreitnum sem markast af Skúlagötu, Klapparstíg, Lindargötu og Ingólfsstræti.

Samkvæmt svari frá forsætisráðuneytinu er gert ráð fyrir því að öllum ráðuneytum að undanskildu forsætisráðuneyti verði komið fyrir á reitnum. Einnig að þar verði húsnæði fyrir stofnanir ríkisins, dómstóla, þjónustu og stöðþjónustu.

Fyrsti áfangi þessa verkefnis er flutningur heilbrigðisráðuneytisins og félagsmálaráðuneytis í fyrrum húsnæði Hafrannsóknastofnunar af Skúlagötu 4, sem er áætlaður fyrir hluta ársins 2022. Eins og í tilfelli Landsbankans, mun losna um verulegt skrifstofurými við þessa flutninga. – þff

Rafmagnað frelsi.

A-Class fer allt að 70 km á rafmagni en í lengri ferðum tekur sparneytin bensínvél við. Ríkulega búinn nýjustu öryggis- og aksturskerfum frá Mercedes-Benz og tækni sem kemur á óvart.



Afb./mán. 49.300 kr.*

Komdu og reynsluaktu A-Class.

ASKJA · Krókhálsi 11-13 · 110 Reykjavík · Sími 590 2100 · askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Mercedes-Benz á Íslandi

Þú finnur Mercedes-Benz á Íslandi
á Facebook og Instagram



*m.v verð 5.490.000 kr., 70% lán til 96 mánaða, vextir 4,65%, áhk 5,72%, heildargreiðsla láns 4.726.272 kr.



Skortstöðum hefur fjölgað sl. ár.

Tilkynnt um 94 skortstöður það sem af er árinu

Fjárfestar hafa tekið 94 skortstöður það sem af er ári en til samanburðar var tilkynnt um 92 skortstöður á öllu árinu 2018. Þetta kemur fram í svari fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands við fyrirspurn Markaðarins.

Skortstöðum hefur fjölgað talsvert á síðustu árum. Fjármálaeftirlitinu bárust 23 tilkynningar árið 2017 og 63 tilkynningar árið 2018.

67

skortstöður voru teknar frá í mars og út júní.

Flestar skortstöður á þessu ári voru teknar á tímabilinu frá mars og út júní en alls voru þær 67 talsins. Í júlí og það sem af er ágúst mánuði hafa eftirlitinu borist 15 tilkynningar.

Fleiri en ein tilkynning getur tilheyrt sömu stöðunni þar sem tilkynna þarf um allar breytingar á stöðu sem nema meira en 0,1 prósent af hlutfæði skortselds félags. Fari skortstaðan hins vegar yfir 0,5 prósent af hlutfæði félags verður að upplýsa um það opinberlega. Ekki hefur verið upplýst um neina slíka skortstöðu frá sumrinu 2017.

Samkvæmt Evrópureglugerð sem tók gildi hér á landi sumarið 2017 þarf að tilkynna Fjármálaeftirlitinu um skortstöðu í hlutabréfum þegar hún fer yfir eða fellur undir viðmiðunarmörk sem nema 0,2 prósentum af útgafnu hlutfæði félags. Því til viðbótar þarf að láta eftirlitið vita í hvert sinn sem skortstaðan eykst um 0,1 prósentustig umfram fyrrgreind 0,2 prósent mörk.

Fyrirspurn Markaðarins sneri einnig að því hvort Fjármálaeftirlitið hefði ástæðu til að ætla að hægt væri að komast hjá tilkynningar skyldu með einhverjum leiðum og hvort stofnunin hefði fengið slíkt mál á sitt borð. Fjármálaeftirlitið kvaðst ekki geta tjáð sig um einstök mál sem kunna að vera í vinnslu en niðurstöður mála eru þó birtar í samræmi við gagnsæisstefnu stofnunarinnar. – þfh

Erlent vinnuafli enn þá undirstaðan við mönnun sláturtíðar

Nýsjálenskir atvinnuáhrarar, sem vanalega koma til Íslands á haustin til að taka þátt í sláturtíð, geta ekki ferðast til Íslands. Þrátt fyrir að atvinnuleysi sé á uppleið sýna Íslendingar því lítinn áhuga að starfa við slátrun. Fjöldi erlendra verkamanna mun koma til landsins á næstu dögum til að vinna í sláturhúsum.

Þórður Gunnarsson
thg@frettabladid.is



Nýsjálenskir atvinnuáhrarar sem lagt hafa leið sína hingað til lands á hverju ári til að vinna við sláturtíð á Íslandi eiga ekki heimangengt í ár. Því þarf að ráða meira af ófaglærðu ihlaupavinnuafli til að starfa við íslensku sláturtíðina sem hefst í næstu viku. Þrátt fyrir að horfur í atvinnuáhrum á Íslandi með haustinu séu slæmar hefur áhugi Íslendinga á þátttöku í sláturtíð lítið glæðst á þessu ári. Líkt og undanfarin ár mun talsverður fjöldi fólks ferðast til landsins til að vinna í íslenskum sláturhúsum á næstu dögum og snúa svo aftur til síns heima að sláturtíð lokinni.

Sláturtíð hefst í byrjun september og stendur fram í október. Áður fyrr tíðkaðist að fólk sem búsett var í sveitum landsins ferðaðist til þéttbýlisstaða til að taka þátt í sláturtíðinni, sem stendur yfir í um það bil einn og hálfan mánuð. Framboð slíks vinnuafli er ekki mikið nú til dags og því hafa íslensk sláturhús jafnan mannað sláturtíð með erlendu vinnuafli. Er þar um að ræða ólíka hópa. Til að mynda fagmenn við slátrun sem ferðast um heiminn og vinna á miklum afköstum. Nýsjálendingarnir sem jafnan hafa komið hingað tilheyra þeim hópi, en sauðfjárrækt er stór atvinnuvegur á Nýja-Sjálandi.

Einnig er um að ræða ófaglært vinnuafli sem kemur til landsins gagnert til að taka þátt í sláturtíð og fer svo aftur til síns heima. Þriðji hópurinn er svo erlendir ríkisborgarar sem búa hér á landi og nýta sumarleyfi sín frá vinnu til að taka til hendinni í sláturhúsum.

„Flest sláturhús hér á landi hafa verið með lykilstarfsmenn frá Nýja-Sjálandi en þeir geta ekki ferðast núna,“ segir Steinþór Skúlason, forstjóri Sláturfélags Suðurlands. „Þetta þýðir þá að við þurfum að fá fleira fólk inn sem þarf að þjálfa upp og það kemur niður á afköstum. Við gætum þurft að bæta nokkrum dögum við sláturtíðina, auka yfirvinnu og jafnvel slátra á laugardögum,“ segir hann.



Litill áhugi hefur verið meðal Íslendinga á að vinna við slátrun þrátt fyrir verri horfur á vinnumarkaði. MYND/GVA

Sala á kindakjöti aukist um 18 prósent frá 2008

Sala á kindakjöti innanlands var 7.100 tonn á ári síðastliðin tvö ár, en var þar um að ræða mestu sölu frá árinu 2008. Tölur Hagstofunnar um sölu á kindakjöti á Íslandi ná aftur til ársins 1983. Salan náði sínu lægsta gildi árið

2011 þegar ríflega 6.000 tonn voru seld innanlands. Þrátt fyrir að salan hafi hjarnað við síðan þá var innlend sala miklu meiri á niunda áratugnum, þegar upp undir 11 þúsund tonn seldust á hverju ári.

Þetta þýðir þá að við þurfum að fá fleira fólk inn sem þarf að þjálfa upp og það kemur niður á afköstum. Við gætum þurft að bæta nokkrum dögum við sláturtíðina, auka yfirvinnu og jafnvel slátra á laugardögum.

Steinþór Skúlason,
forstjóri SS



Steinþór segir að SS hafi margauglýst eftir starfsfólki hér á landi í sumar en lítið hafi komið út úr því. „Það hefur eitthvað verið meira um Íslendinga sem gefa kost á sér en áður, en það er ekki mikið,“ en um 120 störf verða til hjá SS í sláturtíð. Hann bendir einnig á að störf í sláturhúsi séu ekki fyrir hvern sem er. Um sé að ræða líkamlega erfiða vinnu: „En engu að síður eru þetta ágætir tekjumöguleikar með yfirvinnu og ýmsum premíum. Þar að auki er líka frítt fæði fyrir starfsmenn sláturhússins. Svo myndast oft skemmtilegt andrúmsloft meðal fólksins, þetta er ákveðin vertíðarstemning.“ Steinþór segir að 75 til 80 prósent vinnuafli á

sláturtíð verði af erlendu bergi brotið í ár.

„Það hefur ekki gengið vel síðastliðin ár að fá Íslendinga til að vinna á sláturtíð og breytingin er ekki mikil í ár, en þó einhver,“ segir Valgerður Hilmarsdóttir, rekstrarstjóri SAH Afurða á Blönduósi (áður Sölufélag Austur-Húnavatnssýslu). Að sögn Valgerðar munu um 90 manns ferðast til landsins til að vinna við slátrun hjá fyrirtækinu um nokkurra vikna skeið. „Mannskapurinn fer bara í þessa fimm daga sóttkvi og kemur svo til starfa.“ Órlítið fleiri umsóknir bárust frá Íslendingum í ár miðað við fyrri ár til SAH Afurða, en yfir 90 prósent starfsmanna verða engu að síður farandverkamenn erlendis frá.

Gunnlaugur Eiðsson, framkvæmdastjóri Kjarnafæðis, hefur svipaða sögu að segja. „Það er staðreynd að það er ekki hægt og hefur ekki verið hægt að manna störf í sláturtíð nema með erlendu starfsafli. Sem er kannski skiljanlegt í göðari þegar næg störf eru í boði. En í því ástandi sem er í dag, þá er þetta skrytið.“

Verðmeta Arion banka 40 prósentum hærra en markaðurinn

Jakobsson Capital verðmetur Arion banka á 39 prósentum hærra verði en markaðsgengið var í gær. Verðmatsgengið er 97,2 krónur á hlut. Á þremur mánuðum hefur markaðsgengi bankans hækkað um 17 prósent.

„Viðskiptabankarnir eru málbundnir,“ segir í verðmatinu sem Markaðurinn hefur undir höndum. „Sú náttúrulega stærðarhagkvæmni sem fylgir rekstri viðskiptabanka hefur að miklu leyti verið tekin út með íþyngjandi reglum og ákvæðum um eiginfjárkröfur og vægi lána í áhættugrunni. Ofan á þetta bætist hröð framþróun í fjárfærni þar sem viðskiptatryggð fer hratt þverrandi og samkeppni eykst á einstökum sviðum. Framangreint þýðir að bankarnir þurfa að ígrunda betur jadarábata hvers láns.“

Fram kemur í verðmatinu að til að ná fram tíu prósentum arðsemi í ljósi íþyngjandi regluverks, þurfi



Benedikt Gíslason, bankastjóri Arion banka. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

3%

vaxtaálag er það sem íslenskir bankar þurfa til að ná tíu prósentum arðsemi á eigið fé vegna þyngjandi, sérislenskra gjalda. Erlendum bönkum, sem eru lausir við slíkar kvaðir, nægja tæp tvö prósent í vaxtaálag til að ná sömu arðsemi.

vaxtamunur hérlendis að vera þrjú prósent, en 1,8 til 1,9 prósent hjá erlendum banka sem greiðir ekki bankaskatt, fjársýsluskatt eða önnur sérislensk gjöld. „Kostnaður sérislenskra gjalda á viðskiptabanka hefur numið gróflaga frá 0,5

til 0,7 prósentum af meðalstöðu eigna,“ segir í greiningunni.

Í verðmati Jakobsson Capital segir að oft sé hagstæðara fyrir fyrirtæki að fjármagna sig á skuldbréfamarkaði, þar sem álagið er oft um 2,0 prósent eða lægra. Bankastjóri Arion banka hafi verið að laga bankann að nýjum veruleika, endurskoðað og minnkað lánsafnið, lagt aukna áherslu á skuldbréfaútgáfu og auknið sérhæfingubankans á ákveðnum sviðum.

Arion banki hefur náð miklu rekstrarhagræði á síðustu mánuðum. Föst útgjöld sem hlutfall af eignum hafa lækkað úr 1,5 prósent í 1,0 prósent á fyrri hluta árs 2020. „Ástæða þess er mikil styrking grunnrekstrar, lægri rekstrar-kostnaður, hærri þjónustutekjur og litillegra betri afkoma tryggingarekstrar. Lækkun bankaskatts skiptir einnig miklu máli,“ segir í verðmatinu. – hvj

Hluthafafundur

Reita fasteignafélags hf.

Hluthafafundur **Reita fasteignafélags hf.** verður haldinn **kl. 15.00, þriðjudaginn 22. september 2020** í fundarsölum H og I á **Hótel Hilton Reykjavík Nordica**, Suðurlandsbraut 2, 105 Reykjavík.

Vakin er athygli á því að tilhögun fundarhalda verður í samræmi við þær sóttvarnarreglur sem í gildi verða á fundardegi, svo sem með því að takmarka aðgang að fundarsal og bjóða þá þess í stað upp á streymi, eða með öðrum hætti, að gættum öllum reglum hlutafélagalaga um hluthafafundi. Verða breytingar þar að lútandi tilkynntar í kauphöll eigi síðar en þremur sólarhringum fyrir fundinn.

Dagskrá fundar

1. Tillaga stjórnar um heimild til hlutafjárhækkunar.
2. Tillaga stjórnar um lækkun hlutafjár til jöfnunar á eigin hlutum.
3. Önnur mál, löglega upp borin.

Upplýsingar

Hluthafi getur látið umboðsmann sækja hluthafafund fyrir sína hönd. Umboðsmaður skal leggja fram skriflegt og dagsett umboð. Umboðsform er að finna á hluthafafundarvef félagsins, **www.reitir.is/hluthafafundir**. Umboð verða ekki afturkölluð svo gilt sé gagnvart félaginu eftir að þeim hefur verið framvísað eða eftir setningu fundarins, hvort heldur sem fyrir er.

Ekki verður hægt að greiða atkvæði með rafrænum hætti á fundinum. Verði breyting þar á vegna gildandi sóttvarnarreglna á fundardegi, verður tilkynnt um þær í kauphöll eigi síðar en þremur sólarhringum fyrir fundinn. Hluthafar geta óskað eftir því að fá að greiða atkvæði um mál sem eru á dagskrá fundarins bréflaga. Skal beiðni um slíka atkvæðagreiðslu hafa borist á skrifstofu félagsins eða á netfangið **hluthafafundur@reitir.is** eigi síðar en fimm sólarhringum fyrir fundinn, þ.e. fyrir kl. 15.00 fimmtudaginn 17. september 2020.

Hver hluthafi á rétt á að fá ákveðið mál tekið til meðferðar á fundinum, ef hann gerir skriflega kröfu um það til stjórnar eigi síðar en 10 dögum fyrir hluthafafundinn, þ.e. fyrir kl. 15.00 að íslenskum tíma, laugardaginn 12. september 2020. Hægt er að senda tillögur eða ályktanir fyrir fundinn á netfangið **hluthafafundur@reitir.is** og munu þær verða birtar samdægurs á hluthafafundarvef félagsins.

Atkvæðagreiðslur og kosningar verða einungis skriflegar á fundinum komi fram krafa um slíkt á fundinum frá einhverjum atkvæðisbærra fundarmanna eða fundarstjóri úrskurðar um slíkt.

Hluthafafundur er lögmetur ef löglega er til hans boðað, óháð fundarsókn, sbr. 13. gr. samþykktá félagsins.

Fundurinn fer fram á íslensku og verða fundargögn jafnframt á íslensku. Dagskrá hluthafafundarins og fundargögn, þ.á m. tillögur stjórnar, sem lögð verða fyrir fundinn, verða aðgengileg á hluthafafundarvef félagsins. Einnig verða gögnin til sýnis fyrir hluthafa á opnunartíma skrifstofu félagsins í Kringlunni 4–12 í Reykjavík. Endanleg dagskrá og tillögur verða birtar á hluthafafundarvef félagsins eigi síðar en þremur sólarhringum fyrir fundinn.

Hluthafar og umboðsmenn geta skráð sig á hluthafafundinn á fundarstað frá **kl. 14.30 á fundardag**.

Reykjavík, 24. ágúst 2020
Stjórn Reita fasteignafélags hf.





Íslendingar flykkjast á veitingastaði í miðbænum í bliðskaparveðri. Veitingamaður segir að hver dagur þurfi að vera óþægilegur ef reksturinn eigi að ganga upp. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Ferðamenn héldu uppi mörgum veitingastöðum á landsbyggðinni

Margir veitingastaðir treysta á erlenda ferðamenn. Erfiðir tímar eru fram undan sérstaklega hjá veitingastöðum á landsbyggðinni. Ýmsir munu bregða á það ráð að fara í híði. Tekjur veitingastaða lækkuðu verulega við tveggja metra regluna. Veitingamenn í miðborginni bera sig vel. Laun í veitingageiranum hafa hækkað skarpt frá árinu 2015 en nú munu tekjur veitingahúsa dragast saman.

Helgi Vífill
Júliússon
helgivifill@frettabladid.is



Margir veitingamenn á landsbyggðinni munu „leggjast í híði“ í vetur eftir að ríkisstjórnin ákvað að skrúfa fyrir komu ferðamanna til að stemma stigu við útbreiðslu COVID-19 hérlendis. Á sama tíma og tekjur dragast saman glíma veitingamenn við það að laun hafa hækkað „langt umfram laun í öðrum geirum“ frá árinu 2015, eins og einn kemst að orði.

Aðgerðin, sem kynnt var 14. ágúst, felst í því að öllum sem ferðast til landsins er gert að sæta fimm til sex daga sóttkví og fara í tvöfalda skimun fyrir veirunni. Það stendur

einnig til boða að sleppa skimun og vera í fjórtán daga sóttkví.

Daníel Jakobsson, sem rekur hótél og veitingastað á Ísafirði, segir að fyrirtækið muni ekki lifa veturinn af án aðstoðar. Hann horfir til þess að hlutabótaleiðinni verði aftur komið á og hann hyggst ræða við lánardrottna sína um stuðning.

Byggja á ferðamönnum

Jakob Einar Jakobsson, stjórnarmaður í Samtökum ferðaþjónustunnar og eigandi Jómfrúarinnar, segir að Ísland sé hluti af alþjóðasamfélaginu. „Mörg fyrirtæki, eins og veitingastaðir, byggja tilveru sína á að hingað komi erlendir ferðamenn. Það eru erfiðir tímar í vendum í veitingageiranum. Sérstaklega á landsbyggðinni,“ segir hann.

Þráinn Lárusson, sem rekur fimm veitingastaði á Austurlandi og tvö hótél, segir að áður en ferðataka-



Það kemur hvert höggið á fætur öðru.

Þráinn Lárusson, stjórnarformaður 701 hotels sem meðal annars á Hótel Hallormsstað

markanirnar tóku gildi nýverið hafi hann átt von á að viðskiptin yrðu með ágætum í september. Hann hafi hins vegar ekki verið bjartsýnn á að reksturinn í október yrði góður, því að ferðamennirnir sem sóttu landið heim í sumar hafi einkum komið frá Skandinavíu og Þýskalandi. Þeir venji alla jafna ekki komur sínar langt út á land eftir september.

Anda með nefinu

„Ríkisstjórnin hefði mátt anda með nefinu og bíða í tvær til þrjár vikur, því mögulega hefði þá fjarad undan eftirspurninni,“ segir hann.

Þráinn rekur Hótel Hallormsstað og Hótel Valaskjál. Veitingastaðirnir sem um ræðir á Egilsstöðum eru Salt Café Bistró, Skálinn Diner og Glóð. Jafnframt starfrækir hann einnig Kol og Lauf á Hallormsstað. Hann horfir til þess að reka tvo veitingastaði í vetur.

Að hans sögn eru íslenskir ferðamenn að fara frá svæðinu um þessar mundir og þá hafi bókanir gefið til kynna að erlendir ferðamenn myndu taka við keflinu fram að október. Aðgerðir ríkisstjórnarinnar hafi komið í veg fyrir að það gerist.

„Við sem erum á landsbyggðinni, sérstaklega það sem kalla mætti landsbyggðin fjær, eins og Aust-

firðir, höfum almennt verið í viðvarandi taprekstri frá nóvember til og með febrúar.

Verra en í mars

Þráinn segir að höggið nú fyrir sinn rekstur sé verri en í fyrri bylgju COVID-19 í mars. Þá hafi fáir erlendir ferðamenn verið á ferli á hans athafnasvæði. Hann hafi því í mars einungis haft minna hótél sitt opið. Nú hins vegar hafi hann verið með stærra hótelið opið og bókanir „þurrkuðust út“ þegar sóttvarnarsreglum var breytt nýverið.

„Það kemur hvert höggið á fætur öðru,“ segir hann og nefnir að rétt fyrir verslunarmannahelgi hafi tveggja metra reglunni verið komið á aftur. Það hafi stefnt í frábært veður á Austurlandi og því mátti búast við fjölda ferðamanna á svæðinu. Ákvörðun ríkisstjórnarinnar hafi því stórskaðað fyrirtækið.



Launahækkanir veitingastaða „allt of brattar“

Veitingamaður segir að það muni koma sér „verulega á óvart“ ef lífskjarasamningarnir verði ekki „aðalmálið í haust.“ Laun hækkuðu í maí og muni hækka aftur ári síðar. „Hvernig á að hækka laun þegar risastór atvinnugrein hefur nánast engar tekjur?“

Eyþór Mar Halldórsson, sem á meðal annars Public House, segir að laun í veitingageiranum hafi hækkað mikið frá árinu 2015. „Langt umfram laun í öðrum geirum,“ segir hann og spyr sig hve há laun atvinnugreinin beri. Mögulega muni launahækkanir leiða til þess að sjálfsafgreiðslulausnir verði nýttar í meira mæli, fólk panti og greiði fyrir mat með snjallsíma.

Daníel Jakobsson, sem er með rekstur á Ísafirði, segir að launahækkanir hafi verið „allt of brattar“. Starfsfólk hans sem starfi eftir kjarasamningum og sé á lágum launum, hafi fengið mestar hækkanir. „Laun sem hlutfall af veltu hafa á nokkrum



Í dag er ekkert spennandi að vera í veitingarekstri.

Þráinn Lárusson, atvinnurekandi á Austurlandi

árum farið úr 40 prósentum í 50 prósent. Til viðbótar hafi móttframlag atvinnurekenda í lífeyrissjóði hækkað og virðisaukaskattur á gistingu hækkaði úr sjö prósentum í ellefu prósent. „Veitinga- og hótélrekstur er ekki fasteignir heldur þjónustan sem við erum að selja og til að veita hana þarf starfsfólk. Hótel á landsbyggðinni stóðu ekki undir þessum launahækkunum. Það er alveg klárt,“ segir hann.

Þráinn Lárusson, sem er með rekstur á Austurlandi, segir að veitingarekstur hafi „breyst gríðarlega“ síðustu fjögur ár. „Það er nánast ekkert orðið eftir,“ segir

Þráinn. Laun hafi hækkað mikið en verð veitinga lítið. „Í dag er ekkert spennandi að vera í veitingarekstri. Hótelin hafa haldið manni gangandi. Það á þó ekki við um sumarið í ár því verðin voru mjög lág.“ Hann segir að verðið hafi getað verið svo lágt vegna þess að lán voru fryst.

Íris Ann Sigurðardóttir, sem rekur The Coocoo's Nest, segir að hún finni meira fyrir tryggingagjaldinu og öðrum sköttum í sínum rekstri en samningsbundnum launahækkunum í kjarasamningum.

Jakob Einar Jakobsson, framkvæmdastjóri Jómfrúarinnar, vitnar í ummæli góðs vinar úr faginu. „Þetta er orðið þannig í þessum bransa að vegna háskostnaðar þá þarf hver dagur að vera smá „ópægilegur“ ef þú ætlar að vera í þessum rekstri. Þetta þarf að vera hlaup og allir á milljón og engin yfirbygging, þá hefst þetta,“ segir hann.

atvinnuleysisbótum og fyrir vikið væri lægri atvinnusköpun.“

Daníel, sem rekur Hótel Ísafjörð og veitingastaðinn Við Pollinn, segir að rekstur sinn sé alla jafna árstíðabundinn og að september og október hafi almennt verið góðir. Það verði ekki í ár eftir að skrúfað var fyrir komu ferðamanna til landsins. Um 95 prósent viðskiptavina veitingastaðarins séu erlendir ferðamenn. Hann reki einnig mötuneyti fyrir vinnustaði í bænum en telji það ekki til hefðbundins veitingahúsarekstrar.

Fyrirtækin hafi ekki náð að safna í sjóði í sumar fyrir veturinn, eins og venja sé, og því þurfi að fá aðstoð frá lánveitanda. „Við erum búin að fækka starfsfólki mikið og verðum í einhvers konar híði í vetur,“ segir hann.

Það hafi unnið 16 starfsmenn á ársgrundvelli á veitingastaðnum en þeir verði átta í september. „Við þurfum að lifa með heimamönnum sem er miklu minni markaður.“ Venjulega á sumrin starfi um 50-60 manns hjá fyrirtækjunum en í sumar höfðu þau um 20 manns í vinnu.

Jakob Einar, framkvæmdastjóri Jómfrúarinnar, segir að miklum fjármunum hafi verið varið í að markaðssetja og byggja upp Ísland sem áfangastað árið um kring. Það hafi tekist vel, nú séu góðir veitingastaðir og kaffihús víða um land. Nú megi hins vegar gera ráð fyrir því að í nánustu framtíð verði ferðamannatímabilið einungis þrjár til fjórir mánuðir líkt og fyrir áratug eða meira. „Það er sorglegt ef öll uppbygging undangenginna ára verður að engu. Það á ekki tala niður þetta mikla uppbyggingarstarf eins og sumir hafa gert,“ segir hann.

Að hans mati þurfi ríkisstjórnin að blása til aðgerða til að aðstoða ferðapjónustuna. „Það er verið að gera lítið úr heilli atvinnugrein, fjárfestingunni, þekkingunni og uppbyggingunni, ef einungis er horft til þess sem sumir segja, að lágur aðgangshindranir séu til staðar og því þurfi ekki að rétta henni hjálparhönd, hún muni bara spretta upp af sjálfu sér á ný.“


Lítill áhrif á Jómfrúna

Jakob Einar segir þó að lokun landsins hafi lítil áhrif á rekstur Jómfrúarinnar. Lokunin geri það að verkum að íslenskir viðskiptavinir muni ekki fara í helgarferðir í haust og því muni Íslendingar vega upp tekjutap af færri ferðamönnum.


„Frá árinu 2010 hafa erlendir ferðamenn skilað um 25-30 prósentum af tekjunum. Hlutfallið er herra um hásumartímenn því Íslendingar bóka nær öll borðin í tengslum við jólahald í nóvember og desember. Í sumar, fram að samkomutakmörkunum í ágúst, hafa Íslendingar vegið upp tekjutap af erlendum ferðamönnum. Ég get því

Laun í hlutfalli af tekjum

Laun og launatengd gjöld í veitingasölu sem hlutfall af tekjum



Fjöldi launþega í veitingasölu



ekki kvartað yfir stöðunni í mínum rekstri,“ segir hann.

Jakob Einar telur að hann hafi orðið af um 15 milljónum í tekjur í ágúst því samkomutakmarkanir hafi gert það að verkum að Menn-ingarnótt og Reykjavík pride var slegið af og Jómfrúin gat ekki staðið fyrir árlegri sumardjasshátíð. „Það munar um minna. Ágúst er þriðji stærsti mánuðurinn í okkar rekstri. Sumar og jól eru bestu mánuðirnir sem vega upp á móti tapi sem er alltaf fyrstu þrjá mánuði ársins,“ segir hann.

Margir íslenskir viðskiptavinir

Eyþór Mar Halldórsson, sem á þrjá veitingastaði í miðborginni, gerir ráð fyrir því að veitingastaðirnir verði reknir með hagnaði í vetur, þótt afkoman verði lakari en áður. „Við reynum að komast í gegnum þetta. Viðskiptavinir eru mikið til Íslendingar. Á meðan þeir koma verður þetta ekki stórmál.“

Hann segir að búið hafi verið að gera ýmsar ráðstafanir áður en upplýst var um hertar sóttvarnaaðgerðir í mánuðinum, eins og að breyta opnunartíma á Public House og Brewdog. Lokað sé í hádeginu á Public House nema föstudaga til

sunnudaga þegar boðið sé upp á botnlausan dögur (e. bottomless brunch). Brewdog sé opið frá hádegi, nema mánudaga og þriðjudaga.

Að sögn Eyþórs Mar er lítið upp úr því að hafa að selja hádegismat. Fólk hafi lítinn tíma og vilji ekki eyða of miklu. Hann tekur undir það að verðið sé oft lágt í hádeginu, enda bjóði margir veitingastaðir upp á tveir fyrir einn tilboð.

Eyþór Mar er hluthafi í veitingastaðnum Duck & Rose sem býður upp á hádegismat. „Það er öðruvísi staður en Public House og Brewdog. Hann er mun stærri og hádegislegri, þar er hægt að fá sér pitsu eða fisk dagsins.“

Færra starfsfólk

Aðspurður hvort breyttur opnunartími hafi kallað á færra starfsfólk segir hann að starfsfólki hafi fækkað frá mars með því að ráða ekki nýja starfsmenn þegar einhverjir hafi hætt. Starfsmannafjöldinn nú sé 60-70 prósent af því sem hann var í ágúst fyrir ári.

Eyþór Mar segir að ef það rigni á mánuðegi í september sé líklegt að fáir Íslendingar fari út að borða. Í venjulegu árferði hefðu erlendir

Frá árinu 2010 hafa erlendir ferðamenn skilað um 25-30 prósentum af tekjunum.

Jakob Einar Jakobsson, framkvæmdastjóri Jómfrúarinnar

ferðamenn komið til skjalanna við þær aðstæður og vegið upp á móti því þeir verði að fara út að borða nánast öll kvöld.

Hann hefur orð á því að aðgerðir til að stemma stigu við COVID-19 séu ófyrirsjáanlegar. Hann sýnir því ríkan skilning enda séu aðstæður með þeim hætti að óvissan í baráttunni við veiruna sé mikil. Aðspurður með hvaða hætti hann myndi haga veitingarekstrinum öðruvísi ef aðgerðirnar væru fyrirsjáanlegri nefnir hann að ef vitad væri að tveggja metra reglan ætti að gilda lengi, væri ráð að fjárfesta í því að stúka niður veitingastaði. Aftur á móti ef reglan muni vara stutt, væri óskynsamlegt að leggja háar fjárhæðir í slíkar framkvæmdir.

Koma sjaldnar en áður

Íris Ann Sigurðardóttir, sem á og rekur The Coocoo's Nest ásamt eigingmanni sínum, segir að viðskiptavinir þeirra séu einkum fastagestir „sem haldi með okkur. Við höfum aldrei stólað mikið á ferðamenn.“ Hún segir um 90 prósent viðskiptavina búa á Íslandi. Þau finni þó fyrir því að viðskiptavinir séu að passa sig á COVID-19 og komi því ekki eins oft og áður.

Aðspurð hvaða áhrif tveggja metra reglan hafi á reksturinn segir hún að það hafi orðið „verulegt tekjutap“ við það að missa borð. Rekstur fyrirtækisins njóti góðs af því að hafa stækkað fyrir skemmstu með opnun Luna Flórens í sama húsi.

„Við höfum líka hvatt viðskiptavini til að taka mat með heim og höfum notið góðs af því að hægt hefur verið að sitja úti,“ segir hún.

Þráinn segir að „fótunum hafi verið kipt undan okkur“ með tveggja metra reglunni. Salan hafi hrunið um 30 prósent á veitingastöðunum. „Það er erfitt að reka veitingastaði með tveggja metra reglunni. Fyrir suma er það nánast útilokað,“ segir hann.

Jakob Einar segir að tveggja metra reglan geri það að verkum að veitingastaðurinn er að hámarki í 70 prósentu afköstum. „Við getum tekið inn 50-70 manns, eftir því hvernig raðast á borðin, í stað 100 manns,“ segir hann og nefnir að góðviðrisdagar geri það að verkum að fólk vilji sitja úti. „Þannig náum við flottum dögum inn á milli, veltulega sé.“

Þráinn segir að mikill meirihluti veitingastaða muni skadast af færri ferðamönnum. „Það gefur auga leið,“ segir hann. Að hans sögn munu þó sum veitingahús, sem þjóni einkum Íslendingum, njóta góðs af ferðatakmarkunum ef þær leiði af sér að tveggja metra reglan verði afnumin því þá muni vera hægt að reka þau með eðlilegum fjölda borða.

Næsti Eyjafjallajökull

Daníel segir að þó það „sviði til skamms tíma“ að hafa lokað landinu fyrir ferðamönnum séu tækifæri í því til langs tíma að halda vel á málum varðandi COVID-19. „Við vorum að fá nýja hópa í sumar sem komu vegna þess hve vel við stóðum okkur gagnvart veirunni. Við værum að forna minni hagsmunum fyrir meiri með því að klúðra COVID. Þetta gæti orðið verðmæt umfjöllun eins og þegar Eyjafjallajökull gaus,“ segir hann.

Til að komast í gegnum skaflinn, að hans mati, þurfi allir að standa saman: ríkið leggi sitt af mörkum, fyrirtækjaeigendur sómuleiðis, sem og stéttarfélagin og bankarnir. „Ef allir gera eitthvað smá eignum við að geta komist í gegnum þetta,“ segir Daníel.

Við erum búin að fækka starfsfólki mikið og verðum í einhvers konar híði í vetur.

Daníel Jakobsson, framkvæmdastjóri Hótel Ísafjarðar

Leggjast í híði

„Flestir veitingamenn í kringum mig eru að fara að loka og leggjast í híði,“ segir hann. Þarsíðustu helgi varð hann segja upp „óhemjumiklu af starfsfólki,“ segir hann. Samanlagt næstum 60 manns sem störfuðu við hótelin og veitingastaðina. Alla jafna hefðu flestir þeirra haft atvinnu fram í október. „Reksturinn í september verður eins og venjulega í nóvember og desember.“

Þráinn segir að í venjulegu árferði væru um 56 manns með vinnu út árið en í október verði 18-19 starfsmenn hjá samtæðunni.

Þráinn segir að framlengja þurfi hlutabótaleiðina. „Það er fólk hjá okkur sem sér ekki fram á annað en atvinnuleysi. Ef það héldi ráðningarsambandinu myndi það halda í vonina,“ segir hann.

Að hans mati eigi ekki að líta á hlutabótaleiðina sem ríkisstyrk. Í stað þess að starfsmaður sé á fullum atvinnuleysisbótum sé hann á 25 prósentu launum frá atvinnulífnum. „Viðkomandi hefði ella lent á fullum



„Frumkvöðlar, sem vilja selja fyrirtæki sín fljótt, eru að byggja upp léleg fyrirtæki. Það byggir enginn framúrskarandi fyrirtæki og er með hugann við að selja það,“ segir Bala Kamallakharan. FRÉTTABLAÐIÐ

Safnar í vísisjóð fyrir stærri sprota

Þótt Bala Kamallakharan fjárfesti í sprotum er fjárfestingafélag Warrens Buffett fyrirmynd hans. Hann segir að það geti verið byrði á fyrirtækjum á klakstigi að ráða óvant starfsfólk. Hefur ekki tapað fé á því að fjárfesta í sprotum sem hann hefur unnið náði með.

Helgi Vífill
Júliússon
helgivifill@frettabladid.is



Bala Kamallakharan, sem rekur fjárfestingafélagið Iceland Venture Studio, vinnur að því að safna í stærri vísisjóð til að fjárfesta í nýsköpunarfyrirtækjum sem eru komin lengra á veg en þau sem hann fjárfestir í nú þegar. Hann á í viðræðum við lífeyrissjóði og stærri fjárfesta um þátttöku í framtakssjóðnum.

Fjárfestingafélagið hóf göngu sína í lok árs 2018 og hefur Iceland Venture Studio safnað 3,6 milljónum dala frá fjárfestum, jafnvirði tæplega fimm hundruð milljóna króna, í tveimur atrennum, í því skyni að fjárfesta í upphafsstigum fyrirtækja. Félagið hefur hingað til einungis fjárfest í fyrirtækjum þar sem verkefnið eru komin stutt á leið og fámennur hópur hefur komið auga á tækifærin í þeim lausnum og vörum sem verið er að þróa. Félagið hefur fjárfest í sex sprotum en ekki

Margir vinir minir sem fjárfesta í nýsköpun gera gys að mér og segja að ég sé of áhættufælinn. Ég segi að það sé af og frá, ég vil bara ekki fjárfesta í sprotafyrirtæki sem mun ekki ganga upp.

er um að ræða vísisjóð með tiltekinn líftíma heldur fjárfestingafélag.

Fjögur af sex fyrirtækjum í eignasafninu eru íslensk og af hinum tveimur er annað indverskt (en Bala er þaðan) og hitt ísraelskt. „Við takmörkum ekki fjárfestingar okkar við landfræðilega staðsetningu enda fjárfestum við í tækni sem leysir tiltekinn vanda á heimsvísu. Viðskiptavinir eru um heim allan,“ segir hann.

Erlendir fjárfestar

Að sögn Bala hafa nokkrir erlendir fjárfestar lagt Iceland Venture Studio til fé, þar á meðal Bre Pettis, sem situr í fjárfestingaráði fjárfestinga-

félagsins ásamt Ara Jónssyni, rektor Háskólans í Reykjavík, Magnúsi Bjarnasyni, stofnanda Mar Advisors, og Ingrid Vanderveldt fjárfesti.

„Bree Pettis stofnaði MakerBot Industries, sem framleiðir þrívíddarprentara og flutti erindi á ráðstefnu á vegum Startup Iceland sem ég stóð að,“ segir hann.

Bala lagði einnig eigin fjármuni undir. „Ég fjárfesti í Iceland Venture Studio. Það er mikilvægt að leggja eigið fé undir til að hvatar fjárfestingafélagsins séu réttir (e. skin in the game).“

Fjárfestu lífeyrissjóðir í Iceland Venture Studio?

„Nei, þeir vilja ekki fjárfesta fyrir jafn lágar fjárhæðir og gert er á upphafsstigum fyrirtækja. Ég er hins vegar að vinna að því að koma á fót stærri sjóði í samstarfi við lífeyrissjóði sem myndi starfa eftir sömu fjárfestingastefnu og nú er unnið eftir, nema fjárfesta í sprotum sem eru komnir lengra á veg. Margir frumkvöðlar hafa leitað til mín en ég hef ekki séð mér fært að fjárfesta í fyrirtækjum þeirra því þau voru komin of langt á veg, þau voru

komin með gott teymi og að stækka á heimsvísu. Ég hef vegna þessa því miður þurft að hafna góðum fjárfestingartækifærum.“

Bala segir að fjárfestingastefnan sé leiðarljós í fjárfestingum hans. Hún hverfist um að algóritmar, gögn og framleiðsluferli séu ekki lengur miðstýrð. „Það er ef til vill best að útskýra þetta með dæmi. Við fjárfestum í RetinaRisk. Fyrirtækið þróaði algóritma sem venjulega er í heilbrigðiskerfinu en við bjuggum til einfalt forrit í síma svo að hver sá sem þjáist af sykursýki geti fræðst um hverjar líkurnar séu á að hann verði blindur. Þetta er gott dæmi um algóritma sem er ekki lengur miðstýrt.“

Einn af stofnendum fyrirtækisins er Einar Stefánsson, prófessor í augnlækningum við Háskóla Íslands. Hann stofnaði sömuleiðis nýsköpunarfyrirtækið Oculis, sem þróa augnlyf fyrir sjúkdóm sem herjar á sykursjúka. Það hefur vaxið hratt á undanförunum árum. Thor Aspelund, prófessor í líftölfræði, sem fer fyrir þróun á spálíkani heilbrigðisyrivalda um þróun

Hingað til hef ég ekki tapað á að fjárfesta í sprotafyrirtækjum sem ég hef unnið með, og vona að það breytist ekki.

COVID-19 smita, hannaði spálíkan RetinaRisk.

„Við fjárfestum í RetinaRisk árið 2018 og um hálf milljón manna hefur sótt forritið um heim allan. Fyrirtækið vex hratt. Næsti áfangi er að fá notendur til að greiða fyrir þjónustuna,“ segir Bala.

Í hverju felst þín vinna við að aðstoða fyrirtækin?

„Ég ver miklum tíma með teyminum. Við veltum fyrir okkur hvernig hægt sé að fjölga notendum/viðskiptavinum og hvaða leiðir séu færar í markaðs- og sölumálum. Ég starfa jafnframt náði með vöruteyminum og við ræðum upplifun notenda og hvaða þörfum við erum

Innflytjendur leggja meira á sig

Innflytjendur þurfa að leggja harðar að sér til að ná langt í nýju landi, segir Bala. „Ég er alltaf reiðubúinn að fjárfesta í öðrum innflytjendum og hef gert það tvisvar, hluti stofnenda Guide to Iceland er af erlendu bergi brotinn og Breti er á meðal stofnenda Greenvolt.“

Ef ég hefði beðið eftir að safna í sjóð sem stendur undir launum mínum væri ég enn að bíða. Þannig vil ég ekki haga lífi mínu heldur byggja upp fyrirtæki og fjárfesta í frumkvöðlum.

Þjónustu er hægt að leita uppi fólk sem þarf á henni að halda, og rukka notendur um meira en sem nemur kostnaði fyrirtækisins.

Það að fjárfesta í nýsköpun er ekki eins og að leggja undir í spila-víti. Frumkvöðull sem ég hef trú á, leggur allt sitt í sprotafyrirtækið, hvers vegna ætti ég að halda að það muni ekki ganga upp hjá honum? Ég stend með frumkvöðlunum. Mín hugmyndafræði er að það njóti allir góðs af því ef frumkvöðlinum tekst ætlunarverkið. Með þeim hætti byggir ég upp Iceland Venture Studio.

Margir vinir mínir sem fjárfesta í nýsköpun gera gys að mér og segja að ég sé of áhættufælinn. Ég segi að það sé af og frá, ég vil bara ekki fjárfesta í sprotafyrirtæki sem mun ekki ganga upp.

Ég hef hagað mér með þessum hætti í meira en áratug og ekki tapað eyri á að fjárfesta í sprotafyrirtækjum.“

Ekki tapað á sprotum

Það getur ekki verið, þú hlýtur að hafa tapað á einhverju?

„Hingað til hef ég ekki tapað á að fjárfesta í sprotafyrirtækjum, sem ég hef unnið með, og vona að það breytist ekki.“

Hvað hefurðu fjárfest í mörgum?

„Ég hef fjárfest í kringum 30 fyrirtækjum. Mörg þeirra voru sem „engill“ þar sem ég var ekki í beinum samskiptum við teyminn og um var að ræða mjög lágar upphæðir.“

Teymi sem ég hef unnið beint með og tekið virkan þátt í viðganginum hafa gert mjög góða hluti. Fyrst fjárfesti ég í Clara, því næst Greencloud, þriðja var Buuteeq og fjórða var Guide to Iceland.“

Fyrstu þrjú fyrirtækin voru keypt af fyrirtækjum sem skráð eru á Nasdaq-hlutabréfamarkaðinn í Bandaríkjunum.

Hvað reiknarðu með að eiga fyrirtækin í eignasafninu lengi?

„Við getum ekki ráðið því hvað það tekur langan tíma að selja fyrirtækin. En við getum stýrt því hvað það tekur langan tíma að rekstur þeirra verði sjálfbær, í því skyni að þau brenni ekki peningum.“

Í Kísildalnum er hugmyndafræðin sú að fyrirtækin brenni eins miklu af peningum og þeim er unnt svo þau geti aflað eins margra notenda og kostur er. Uber er dæmi um það. Að mínu mati er það hræðileg hugmynd. Rekstur fyrirtækja þarf að standa undir sér.“

Hversu erfitt verður að selja fyrirtækin í eignasafninu eftir einhver á?

„Stofnendur fyrirtækjanna ráða þeirri vegferð. Ég segi þeim ekki hvað þeir eigi að gera hvað það varðar. Alla jafna eigum við lítinn hlut í fyrirtækjunum en höfum vissulega áhrif.“

Að mínu mati eru þeir frumkvöðlar, sem vilja selja fyrirtæki sín fljótt, að byggja upp léleg fyrirtæki. Það byggir enginn framúrskarandi fyrirtæki og er með hugann við að selja það. Mark Zuckerberg hefði getað selt Facebook eftir þrjú ár og

efnast vel en þá hefði hann ekki byggt upp stórveldið sem það er í dag.“

Vanþroskað sprotumhverfi

Bala segir að vandinn við sprotumhverfið hérlandis sé hve vanþroskað það er. „Við erum ekki með frumkvöðla sem geta fjárfest ríkulega í srotafyrirtækjum eftir að hafa selt nýsköpunarfyrirtækið sitt, eins og tíðkast til dæmis í Kísildalnum. Það mun taka tíma, en þegar landslagið verður með þeim hætti mun okkur vegna betur.“

Að mínu mati er ekki fjárfest nóg í srotafyrirtækjum á Íslandi. Í stað þess að fjárfesta fyrir eina milljón dala í einu fyrirtæki ætti að fjárfesta í tíu fyrirtækjum fyrir 100 þúsund dali. Það væri betri hvati fyrir frumkvöðla. Það er nefnilega erfitt að fá fyrstu fjárfestana til liðs við sig, það er mun auðveldara að fá eina milljón dala í fjármögnun en hundruð þúsund því í þeim tilvikum er búið að eyða miklu af áhættunni, sem er þegar frumkvöðlar stiga sín fyrstu skref. Þegar fyrirtækin geta safnað hærri fjárhæðum eru þau oft búin að sanna gildi sitt og nota fjármagnið til að vaxa.“

Hann segir að 100 þúsund dalir nýtist nú mun betur en fyrir áratug. COVID-19 hafi sýnt það að fyrirtækin séu ekki bundin af því að ráða íslenska hugbúnaðarverkfræðinga heldur geti leitað hvar sem er. Skýjaþjónusta geri það sömuleiðis að verkum að rekstur fyrirtækjanna sé ódýrari en áður.

Forritarar eru ódýrari víða erlendis.

„Þetta snýst ekki einvörðungu um kostnað heldur líka að þeir séu á lausu. Flestir góðu hugbúnaðarverkfræðingarnir á Íslandi eru nú þegar í vinnu. Fólk sem er á lausu er ekki með starfsreynslu. Það getur verið byrði fyrir fyrirtæki á klakstigi að ráða óreyndan starfsmann því það þarf að kenna honum allt og það getur verið erfitt að byggja upp fyrirtæki við þær aðstæður.“

Á klakstigi er því gott að geta ráðið starfsfólk hvaðanæva að úr heiminum sem kemur inn með mikla reynslu og þekkingu og getur aðstoðað fyrirtækið við að byggja upp tækni sína fljótt og örugglega.

En ég segi alltaf að staðsetning skipti ekki máli í rekstri hugbúnaðarfyrirtækja. Fólk frá yfir 100 löndum hefur sótt hugbúnað frá íslenska fyrirtækinu RetinaRisk.“

Bala bendir einnig á að það þurfi að hafa yfir að ráða vissri kunnáttu þegar ráða á hugbúnaðarverkfræðinga, því þeir séu misfærir.

Hann segir að sama skapi að við á Íslandi verðum að þora að hugsa stærra. „Við getum leyst vandamál á heimsvísu. Stórfyrirtæki voru ekki stór þegar þeim var ýtt úr vör heldur voru þau lítil fyrirtæki að leysa stórt vandamál,“ segir Bala.

Warren Buffett er fyrirmynd

Áttu þér fyrirmynd í rekstri Iceland Venture Studio?

„Ég er fjárfestir og horfi til þess hvernig Warren Buffett hefur byggt upp Berkshire Hathaway. Við viljum byggja upp stöndug, verðmæt fyrirtæki sem við fáum greiddan arð frá, fara á markað eða sameinast öðrum fyrirtækjum.“

- Er Iceland Venture Studio nógu stór til að standa straum af launum og fleiru í þá veru?

„Ég hugsa ekki um mín laun fyrst heldur hvaða vanda ég get tekið þátt í að leysa. Ef það gengur upp hjá okkur mun ávöxtunin standa undir launum mínum og miklu meira en það. Ég fæ lítills háttar þóknun fyrir mína vinnu í dag, en hún er ekki há miðað við fólk með minn bakgrunn og mína reynslu,“ segir hann. Bala er með þrjár meistaraáhráður og hefur unnið sem stjórnunarráðgjafi og í banka.

„Ef ég hefði beðið eftir að safna í sjóð sem stendur undir launum mínum væri ég enn að bíða. Þannig vil ég ekki haga lífi mínu heldur byggja upp fyrirtæki og fjárfesta í frumkvöðlum. Það mun borga sig til lengri tíma lítið.“

OPIÐ 24/7

Kvikk: Dalvegi, Suðurfelli,
Vesturlandsvegi og Fitjum

Lykillinn margborgar sig á Kvikk stöðvunum*

Þú nálgast lykilinn
í verslunum Kvikk
eða á Orkan.is



Sbarro tilboð á Vesturlandsvegi
Sneið + drykkur
690 kr.



Frítt á könnunni
Ókeypis kaffi og kakó



Pylsupartí
Pylsa + 1/2 lítri af gosi að eigin vali frá Ölgerðinni
499 kr.



Red Bull
Orkudrykkir
199 kr.

Kvikk
ON THE GO

ORKAN

*Gildir eingöngu gegn framvísun Orkulykils/-korts. Tilboðin gilda til 31. ágúst 2020.

Pössum að missa leikinn ekki úr lífinu

Svipmynd

Andrea Róbertsdóttir

Nám:

MS-gráða frá viðskipta- og hagfræðideild (Háskóli Íslands), MA-diplóma í jákvæðri sálfræði. BA-gráða í félags- og kynjafræði (Háskóli Íslands).

Störf:

Starfar sem framkvæmdastjóri Félags kvenna í atvinnulífinu, FKA. Áður starfaði hún sem framkvæmdastjóri, forstöðumaður og mannauðsstjóri RÚV.

Fjölskylduhagir:

Maki er Jón Þór Eypórsson framkvæmdastjóri/verkefnastjóri. Börn eru Dreki Jónsson (12 ára) og Jaki Jónsson (9 ára).

Helsta áskorunin núna er að vera skapandi jarðýta á nöglum, leyfa sér að gera mistök og vona að bóluefni verði aðgengilegt fyrir allan almenning sem fyrst – því okkur liggur lífið á í orðsins fyllstu merkingu! Já, hver sagði að þetta ætti að vera auðvelt? Þetta segir Andrea Róbertsdóttir, framkvæmdastjóri Félags kvenna í atvinnulífinu (FKA).

Hver eru þín helstu áhugamál?

Ég er virk manneskja í leik og starfi, finnst gaman að vinna en víðra útivistarfatnaðinn reglulega. Útivist, tónlist, myndlist, safnaheimsóknir og listasýningar og umhverfismál eru mitt helsta áhugamál. Ég nær mig á marga vegu, til dæmis með því að sortera í skúffum, en útivera og samvera með mínum nánustu gefur mér mest og íslensk náttúra og tónlist er mitt hleðslutæki.

Hvernig er morgunrúttin þín?

Morgunrúttina er vafalítið mikil innspýting og steypustyrktarjárn fyrir daginn og gott undirlag fyrir lífið allt, en ég hef ekki þróað ákveðna morgunrúttina en finnst frábært þegar ég er komin fram úr.

Hvaða bók hefur haft mest áhrif á þig?

Ég er farin að vaða ljóð upp að mitti og það er því líka hlaðborðið sem biður mín því ég hef ekkert verið að lesa ljóð af neinu viti hingað til. Knappur texti og húmor er í uppahaldi.

Hvers hlakkarðu mest til þessa dagana?

Að halda áfram að styðja kvenleiðtoga í að sækja fram og sameina þær til aukins sýnileika og þátttöku, fá tækifæri til að leysa enn frekari kraft úr læðingi hjá FKA og þjónusta atvinnulífið. Það er svakalega gaman að finna hve mikilvægt félagið er konum og upplifa þá vigt sem FKA hefur í samfélaginu. Það er mikið leitað á skrifstofu félags-

ins þegar þörf er á sérþekkingu á einhverju sviði, sem fer afskaplega vel saman við þann metnað sem ég hef fyrir hönd félagskvenna um land allt. Það er ekki til eitthvert eitt skapalón fyrir fjölbreyttan hóp félagskvenna FKA en það er raunveruleiki þarna úti sem sameinar konur og öflugar deildir, nefndir og ráð ásamt stjórn eru að leggja linurnar um hvernig má uppfylla þarfir á starfsárinu. Hugrekki er smitandi og það er nóg af því innan FKA, sem kemur sér vel á tímum þar sem við lifum frasann: „Life is What Happens to You While You're Busy Making Other Plans“.

Hver eru helstu verkefni FKA?

Félag kvenna í atvinnulífinu, FKA, er félag fyrir konur sem eru stjórnendur og leiðtogar í íslensku atvinnulífi og nú erum við að hefja nýtt starfsár sem felst í að 1.200 félagskonur eru að bretta þegar ermar. Það hefur sýnt sig að þegar

Við erum öll með kúlu á hausnum við að reyna að fóta okkur á þessum sérstöku óvissutímum og því er mikilvægt að sýna sér og öðrum mildi, vera vakandi, opin fyrir nýjungum og stunda uppbyggilegt sjálfstal.

vel gengur er tilefni og gefandi að vera í FKA en ekki síður þegar á móti blæs. Þegar konum finnst þær hafa minnstan tíma til að setja sig á dagskrá í lífinu þá er einmitt mesta þörfin fyrir þær að fjárfesta í sér með því að vera í félaginu. Konur

eiga að vera duglegar að setja sig í forgang, taka tíma frá fyrir sig og njóta góðs af öflugu tengslaneti athafnakvenna úr öllum greinum atvinnulífsins sem hægt er að spegla sig í hjá FKA.

Hverjar eru helstu áskoranir í starfi FKA?

Margvísleg gögn og niðurstöður rannsókna staðfesta valdamisræmi kynjanna þannig að misréttið hefur ekki tekið sér fri, því miður, ekkert frekar en COVID-19. Það er óvissa sem einkennir allt lífið, núíð er snúid og á sér enga hliðstæðu og það er því í takt við nýja tíma sem FKA heldur áfram að vinna með tengslaneti, sýnileika og að vera alvöru hreyfiafl. Við erum öll með kúlu á hausnum við að reyna að fóta okkur á þessum sérstöku óvissutímum og því er mikilvægt að sýna sér og öðrum mildi, vera vakandi, opin fyrir nýjungum og stunda uppbyggilegt sjálfstal.

Skríttnir tímar kalla fram oft ýkt, ofsafengin og furðuleg viðbrögð sem verður að anda inn í en á tímum sem þessum er mikilvægt að vera kvikur, vera spittbátur en ekki oliuskip, því eins og við sjáum þá er lífið annað í dag en fyrir tveimur vikum og svo verður einhver allt önnur sviðsmynd komin eftir næstu tvær vikur. Sumt er að fara að breytast varanlega, annað tímabundið og þörf er á að hugsa fjölmargt alveg upp á nýtt til að sýna ábyrgð og lágmarka hættu á smitum í samfélaginu. Það er mikilvægt að hugsa stórt en á sama tíma sjá fegurðina í einfaldleikanum og passa að missa ekki leikinn úr lífinu. Helsta áskorunin núna er því að vera skapandi jarðýta á nöglum, leyfa sér að gera mistök og vona að bóluefni verði aðgengilegt fyrir allan almenning sem fyrst – því okkur liggur lífið á í orðsins fyllstu merkingu! Já, hver sagði að þetta ætti að vera auðvelt?

„Konur eiga að vera duglegar að setja sig í forgang, taka tíma frá fyrir sig og njóta góðs af öflugu tengslaneti athafnakvenna,“ segir Andrea. MYND/ADSEND



Íslenskt handspritt hefur innreið sína á erlenda markaði

Samstarf tveggja íslenskra fyrirtækja um framleiðslu á ilmandi handspritti hefur nú getið af sér sókn á erlenda markaði. Um er að ræða heilsuvörufyrirtækið Mulier Fortis og áfengisframleiðandann Foss Distillery. Mulier Fortis (sem útleggst „sterk kona“ á íslensku) hefur hingað til selt heilsuvörur á borð við vítamínblöndur, ilm-kjarnaolíur og krem unnið úr hafþyrnisolíu sem ætlað er að vinna bug á óeðlilegum þurrki í leggöngum. Foss Distillery hefur framleitt ýmsar tegundir sterks áfengis sem einkum hafa höfðað til ferðamanna, svo sem líkjörana Björk og Birki, auk brennivíns og vodka undir vörumerkinu Helvíti.

Eftir að áfengiskaup ferðamanna drögust verulega saman seint í vetur

stóð Foss uppi með töluvert magn etanóls, eða vínanda, sem ekki þótti hyggilegt að nýta til áfengisframleiðslu á þeim tímamarki. Kom þá til sögunnar áður nefnd hafþyrnisolíu sem er blandað út í vinandann, auk glýseríns og vatns. Foss nýtir þannig framleiðslulínu sína þessa dagana til að framleiða handspritt með 75 prósentu styrkleika.

„Einn af okkar erlendu samstarfsaðilum í Bretlandi hefur keypt nokkuð magn af handsprittinu af okkur og ætlar að selja undir eigin vörumerki,“ segir Íris Gunnarsdóttir, annar stofnenda og eigenda Mulier Fortis. „Þetta byrjar auðvitað smátt en við erum nú þegar að sjá töluverðan áhuga frá einni af stóru dagvöruverslunarkeðjunum í Bretlandi líka. Þetta hefur svo spurst út



Handsprittið er samstarfsverkefni Mulier Fortis og Foss Distillery.

Þetta byrjar auðvitað smátt en við erum nú þegar að sjá töluverðan áhuga frá einni af stóru dagvöruverslunarkeðjunum í Bretlandi.

Íris Gunnarsdóttir, annar stofnenda og eigenda Mulier Fortis

og við erum núna í viðræðum við kaupendur í Hollandi og á Spáni,“ bætir hún við.

Talið er að eftirspurn eftir handspritti hafi sjöfaldast á heimsvísu á árinu 2020 eftir að COVID-19-heimsfaraldurinn hóf yfirreið sína. Heilbrigðisvæðing um allan heim hafa bent á að regluleg sótt-

hreinsun á höndum sé skilvirk leið til að hamla útbreiðslu faraldursins, enda eyðir etanól (og önnur alkóhólsambönd) próteinhjúp COVID-19-veirunnar sem gerir henni kleift að taka sér bólfestu í öndunarvegi fólks og þannig dreifa sér.

Mikil vörupróun um allan heim hefur átt sér stað á skömmum tíma í handsprittframleiðslu, en ekki eru allar nýframkomnar vörur af sömu gæðum. Matvæla- og lyfjastofnun Bandaríkjanna (FDA) hefur þannig varað neytendur við alls 115 vörutegundum handspritts, en viðkomandi vörur voru ekki taldar innihalda nægilegt magn alkóhólsambanda. Talið er að handspritt þurfi að vera af að minnsta kosti 60 prósentu styrkleika til að virka sem skyldi. – thg

ÚTSALAN ER Í FULLUM GANGI!

ALLT AÐ
50%
AFSLÁTTUR!

STÓRLÆKKAD VERÐ Á YFIR 1000 TÖLVUVÖRUM

**TÖLVU
LISTINN**

REYKJAVÍK AKUREYRI EGILSSTAÐIR REYKJANESBÆR SELFOSS AKRANES

Skotsilfur



Djarft teflt

Smári McCarthy, fulltrúi Pírata í efnahags- og viðskiptanefnd, færði undarleg rök fyrir því að ríkið ætti fremur að fjárfesta í hluta-



bréfum Icelandair Group í stað þess að veita ríkisábyrgðir á lánum. Hann sagði ríkisábyrgðina auka áhættu ríkisins sem fengið lítið fyrir sinn snúð. Æskilegra væri að kaupa hlutabréf flugfélagsins. Það er hárrétt hjá þingmanninum að ríkisábyrgð á lánum til rótgróins flugfélags á tímum COVID-19 er vissulega hættuspil. Hlutabréfa-kaup væru þó enn áhættusamari. Það er mun áhættuminna að fá greitt fyrir að veita ríkisábyrgð gegn því að Icelandair safni ríkulegu hlutafé en að veðja á hlutabréfa-verð flugfélagsins næstu árin. Til að bæta gráu ofan á svart reynist oft erfitt að selja ríkiseignir.

Liðsmaður

Rósa Björk Brynjólfsdóttir fór einna hörðustum orðum allra þingmanna um þyrluævin-



týri Áslaugar Örnú Sigurbjörnsdóttur á dögnum sem leið. Rósa Björk, sem er þingmaður VG, var jafnan titluð stjórnarþingmaður í allri umfjöllun um málið. Rósa Björk er hins vegar af sumum talin líkleg til að venda kvæði sínu í kross fyrir næstu kosningar og hugsanlega fara fram fyrir Samfylkinguna, enda verður seint sagt að hún hafi verið sterkur liðsmaður ríkisstjórnarinnar á yfirstandandi kjörtímabili. Nú berast svo fregnir af því að Lionel Messi villji yfirgefa Barcelona. Hugsanlega er nú ár stórra félagaskipta fram undan.

Henný að hætta

Henný Hinz, sem hefur stýrt hagdeild Alþýðusambands Íslands (ASÍ) á undan-



förnum árum, er að láta af störfum hjá ASÍ eftir að hafa starfað þar um langt árabli. Henný, sem er hagfræðingur að mennt, hefur starfað á hagdeild Alþýðusambandsins frá árinu 2004, meðal annars sem verkefnastjóri verðlagseftirlits ASÍ og sérfræðingur á sviði velferðar-, húsnæðis- og lífeyrismála.

Vonarneisti fer um þýskt efnahagslíf



Angela Merkel, kanslari Þýskalands, gat andað ögn léttar í gær. Efnahagshorfur landsins bötnuðu í gær. Væntingavísitalan hækkaði fjórða mánuðinn í röð og samdrátturinn í efnahagslífinu var minni en áður var talið. „Þýska hagkerfið er á batavegi“, segir Clemens Fuest, sem fer fyrir Ifo-stofnuninni. Hagstofan ytra segir að hagkerfið hafi dregist saman um 9,7 prósent á öðrum fjórðungi en ekki 10,1 prósent eins og talið var. MYND/EPA

Ekki er kyn þó keraldið leki



Pétur Blöndal framkvæmdastjóri Samál

í tilfelli orkuvera sem ganga fyrir kolum eða gasi, enda losunin margfalt meiri en frá endurnýjanlegum orkugjöfum á borð við vatnsafl eða jarðvarma. Það hefur aftur áhrif til hækunar orkuverðs á meginlandinu.

Til þess að orkusækinn iðnaður í Evrópu haldist samkeppnishæfur er stjórnvöldum í ríkjum ESB heimilt að greiða niður orkuverðið beint til þeirra. Flest iðnríki Evrópu nýta sér það, enda er þeim umhugað um að standa vörð um samkeppnishæfni orkusækisins iðnaðar. Það liggur í hlutarins eðli að ef orkan er ekki í samkeppnishæfu verði, þá eru forsendur brostnar fyrir rekstri slíkra fyrirtækja.

Slíkar ETS-niðurgreiðslur eru reiknaðar eftir sérstökum stuðli sem miðast við hlutfall jarðefnaeldsneytis í orkumynstri ríkja á sameiginlegum orkumarkaði ESB og geta greiðslur til stóriðjufyrirtækja numið á annan tuga evra á megavattstund. Þegar haft er í huga að meðalverð Landsvirkjunar til stórnotenda hér á landi var um 28 dollarar á megavattstund árið 2018, og var þá flutningur að hluta innifalinn, sést hversu mikið slíkar niðurgreiðslur skekkja stöðuna.

Ljóst er að þetta kerfi verður áfram við lýði og vinnur fram-

Hér á landi berst orkuviðnaður fyrir tilvist sinni, hvort sem horft er til álvera, kísilvera eða gagnavera.

kvæmdastjórn ESB að útfærslu á því til ársins 2030. En þar sem Ísland tengist ekki sameiginlegum orkumarkaði ESB eiga stjórnvöld hér ekki kost á að taka upp slíkar niðurgreiðslur, jafnvel þó að áhuginn væri fyrir hendi. Þó ganga álverin hér fyrir endurnýjanlegri orku eins og í Noregi. Það skrítna er, að ETS-kerfið skerðir samkeppnisstöðu íslenskra álvera, en á sama tíma er losunin hvergi minni en hér, samkvæmt tölum Norsk Hydro. Ekki er kyn að keraldið leki, gæti einhverjum ratast á munn.

Ofan á það bætist að flutningskostnaður hér á landi, í þessu strjálbýla og fámenna landi, er margfalt hærri en til að mynda í Noregi. Á það einkum við um stórnotendur, þar sem þeir njóta sérstakra ívilnana í Noregi, meðal annars vegna þess að þeir eru oft staðsettir á afskekktum svæðum nærri uppsprettu orkunnar og fá að njóta þess í afsláttum af flutningskostnaði.

Þá þarf að hafa í huga að stjórnvöld víða í Evrópu styðja myndarlega við fjárfestingarverkefni í orkuviðnaði, ekki síst hjá frændum okkar Norðmönnum. ENOVA-sjóðurinn stóð til að mynda straum af stórum hluta kostnaðarinnar við uppbyggingu á nýrri kerlinu í álverinu í Karmoy, þar sem horft var til bættrar orkunýtingar, og komu íslenskar verkfræðistofur að því verkefni. Norsk stjórnvöld kappkosta því miklu til að sækja fram og viðhalda þannig samkeppnishæfni orkuviðnaðar í Noregi.

Ljóst er að stjórnvöld víða um heim halda vöku sinni og vilja standa vörð um iðnaðinn heima fyrir. Í álviðnaði er skollíð á tollastríð milli Bandaríkjanna og Kína annars vegar og Kanada hins vegar. Þá hefur framkvæmdastjórn ESB tekið til skoðunar undirboð á kínversku áli og mótvægisáðgerðir gegn því.

Hér á landi berst orkuviðnaður fyrir tilvist sinni, hvort sem horft er til álvera, kísilvera eða gagnavera. Mikilvægt er að stjórnvöld marki stefnu sem tryggir orkuviðnaði sjálfbærar rekstrarforsendur til framtíðar, þannig að iðnaðurinn geti haldið áfram að skapa verðmæti, dýrmæt störf og stuðlað að bættum lífskjörum. Það þarf að slá botninn í tunnuna.

Hvers vegna er Apple svona verðmætt?



Björn Berg Gunnarsson deildarstjóri Greiningar og fræðslu hjá Íslandsbanka.

Í gamalli dæmisögu úr Gyðingdómi eru rabbínar tveir beðnir um að þylja upp allt innihald trúarritanna Tóra, standandi á öðrum fæti. Annar þeirra bregst hinn verst við en hinn segir slíkt þó lítið mál: „Ekki gera öðrum neitt sem þú fyrirlitur sjálfur. Þannig er

Tóra í heild sinni, allt annað eru athugasemdir.“

Þar til nýlega hefði mátt beita svipaðri nálgun á rekstur tæknirísans Apple. Þrátt fyrir allar tölurnar, úrin, heyrnartólin, tónlistina og þar fram eftir götunum mátti segja að Apple væri iPhone, allt annað væri til skrauts. Tekjur og arðsemi fyrirtækisins mátti rekja til þessarar arðbærustu neytendavöru sögunnar og erfiðlega gekk að útvíkka tekjustofna.

Það heyrði því heldur betur til tíðinda þegar fréttir bárust af því í liðinni viku að frá því í mars hafi hlutabréfaverð Apple tvöfaldast og markaðsvirðið væri nú

Stórmerkileg geta Tim Cook og félaga til að skila hagnaði er loks athyglisverð svo ekki sé meira sagt.

skriðið upp fyrir 2.000 milljarða dala. Það er niutíuföld landsframleiðsla Íslands. Þrjátíufalt heildarfasteignamat landsins. 45 sinnum meira en áætlaðar eignir Jóakims Aðalandar. Það er erfitt að átta sig á hvernig réttlæta megi slíkt verðmat en vissulega hefur fjármagn sótt í ætlað skjól stórra tæknifyrirtækja

að undanförunu og nýlegt uppgjör fyrirtækisins var óvenjugott.

Tvennt mátti þó nefna til viðbótar sem stutt gæti þá stemningu sem nú virðist vera meðal fjárfesta. Ég nefndi að þar til nýlega hafi Apple staðið og fallið með iPhone. Síminn er vissulega enn flaggskip fyrirtækisins og skilar stórum hluta hagnaðar og hátt í helmingi tekna í kassann, en hlutfallið var 70% fyrir einungis tveimur árum. Skýjalausnir og ýmis þjónusta hefur vaxið hratt og svo virðist sem loks hafi tekist að fjölga tekjustofnum nægjanlega og þetta gríðarstóra fyrirtæki geti þrátt fyrir allt enn vaxið.

Stórmerkileg geta Tim Cook og félaga til að skila hagnaði er loks athyglisverð svo ekki sé meira sagt. Arðsemin hefur nær aldrei verið meiri og hagnaður þad sem af er ári nemur um 45 milljörðum dala, eða yfir 6.000 milljörðum íslenskra króna.

Á tímum sem þessum þarf kannski ekki að koma á óvart að fjárfestar renni hýru auga til fyrirtækja sem sannað hafa getu sína til arðbærs og stöðugs rekstrar. En hversu langt eru þeir tilbúnir að ganga? Í það minnsta nógu langt til að tvöfalda hlutabréfaverðið á hálfu ári og gera félagið hið verðmætasta á skráðum mörkuðum.

Ennþá meira úrval af listavörum

WorkPlus
Strigar frá kr. 195

Ný sending
af strigum



Kolibri penslar
Handgerðir þýskir penslar
í hæsta gæðaflokki
á afar hagstæðu verði



kolibri®

Kolibri trönur
í miklu úrvali, gæða-
vara á góðu verði



Íblöndunarefni fyrir akrýl og olíulíti.



AMSTERDAM
dream - create

van Gogh
The Quality Brand

REMBRANDT
The Professional Choice



Listverslun.is



Verkfæralagerinn

Smáratorgi 1, 201 Kópavogi, sími 588 6090, vl@verkfaeralagerinn.is
Mán.-fim. kl. 9-18, fös. kl. 9-18:30, lau. kl. 10-18, sun. kl. 12-17

SKOÐUN

Þórður
Gunnarsson



Innanlands- hagkerfið

Forsætisráðherrann Katrín Jakobsdóttir setti fram athyglisverða nálgun í efnahagsmálum á dögunum. Hinum mjög svo íþyngjandi úrræðum sem gripið hefur verið til á landamærum Íslands, sem fela í sér fimm daga sóttkví fyrir alla sem koma til landsins, var þannig lýst sem aðgerðum til að vernda „innanlandshagkerfið“.

Má því skilja þetta sem svo að þær tugþúsundir sem hafa viðurværi sitt af því að þjónusta erlent fólk sem kemur til landsins tilheyri ekki innanlandshagkerfinu? Nánast öll efnahagsumsvif á Íslandi eru háð alþjóðaviðskiptum. Tilheyrir sjávarútvegur innlenda eða erlenda hagkerfinu? Hvað með Marel og CCP? Skipting íslenska hagkerfisins í innlendan og erlendan hluta er hugsun sem heldur ekki vatni.

Þessi ákvörðun er síðan tekin á grundvelli hagræns mats sem unnið var á nokkrum dögum. Meðal niðurstaðna þess mats var að hagræn rök hnigi að því að herða aðgerðir á landamærum. Meðal annars vegna þess hefur kortavelta Íslendinga erlendis dregist mjög saman, sem gæti vegið upp á móti hvarfi gjaldeyrisinnflæðis frá ferðamönnum.

Á síðasta ári skildu ferðamenn eftir yfir jafnvirði 330 milljarða af erlendum gjaldeyri á Íslandi. Það er sannarlega skarð fyrir skildi að missa þessar tekjur og veltu út úr hagkerfinu. Ísland er mjög háð innflutningi, sem er vitanlega allur fjármagnaður með erlendum gjaldeyri. Litlu skiptir þótt Íslendingar strauki kortin meira innanlands en erlendis, en þetta er kallað „tilflutningur neyslu“ í hagrænu greiningunni.

Innflutningur á neysluvörum var yfir 100 milljarðar á síðasta ári og verðmæti innfluttra flutningatækja var á móta mikið. Matvælainnflutningur var um 71 milljarður á síðasta ári, samkvæmt tölum Hagstofunnar. Það breytir engu hvort Íslendingar kaupir sér nýjar gallabuxur á Oxford Street eða í Kringlunni – í báðum tilfellum þarf á einhverjum tímapunkti þeirra viðskipta að reiða fram erlendan gjaldeyri.

Enda þarf ekki að lita lengra en til vendinga á gjaldeyrismarkaði síðan ákvörðunin um fimm daga sóttkví fyrir alla komufarþega var kynnt. Krónan hefur ekki veikst um nema eitt prósent. En það er bara vegna þess að Seðlabanki Íslands hefur notað vel á annan tug milljarða króna síðan þá til að styðja við gengið. Erlendir aðilar með fjárfestingar á Íslandi eru nú margir hverjir að selja sínar eignir, enda blasir það við að annaðhvort þarf Seðlabankinn að ganga verulega á gjaldeyrisforða sinn eða leyfa krónunni að falla samfara minnkandi gjaldeyrisinnflæði. Hvort tveggja rýrir lífskjör á Íslandi.

Styðja flugfélög með beinum hætti

Ísavia hefur mótað tillögur að beinum og skilyrtum markaðsstuðningi til flugfélaga sem ætlað er að hvetja þau til þess að hefja flug til og frá Íslandi. Þetta kemur fram í svari Ísavia við fyrirspurn Markaðarins.

„Það er fyrirhugað að Ísavia muni bjóða upp á beinan, en skilyrtan, markaðsstuðning til flugfélaganna sem fljúga til og frá Íslandi þegar COVID-faraldurinn fer að lægja.“



Sveinbjörn Indriðason, forstjóri Ísavia

Markmiðið sé að auðvelda flugfélögum að taka ákvörðun að hefja flug, eða auka við flug, til og frá Íslandi svo að eftirspurn vaxi hraðar en ella.

Tillögurnar voru samþykktar af stjórn með þeim fyrirvara að ekki verði greitt til félaga fyrr en ljóst er hvenær skimunarverkefnið í flugstöðinni hættir og engar slíkar takmarkanir verði til staðar.

Flugfélög þurfa að sýna með skýrum hætti hvernig þau nýta markaðsstuðninginn til að auglýsa Ísland. Þá verði þau að skila af sér því framboði sem lá til grundvallar úthlutuninni. – þfh

19.08.2020

Það er mannlegt að ef þú átt rétt á bótum í langan tíma að það þurfi að vera hvati til að stíga skrefið inn á vinnumarkaðinn.

Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra



Skráðu þig á póstlistann og fáðu Fréttablaðið sent rafrænt á hverjum morgni



Skráðu þig á frettabladid.is, á Facebook síðu Fréttablaðsins eða skannaðu QR kóðann

FRÉTTABLAÐIÐ – Mest lesna dagblað landsins